

## L Ö G

29

30. apríl

um heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að innheimta með álagi skatta og gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Heimilt er sveitarstjórnnum að ákveða, að innheimta skuli með álagi alla skatta og önnur gjöld, sem miðuð eru við gildandi fasteignamat og renna eiga í sveitar-sjóði. Þó má aldrei innheimta hærri gjöld af einstakri fasteign eftir þessum lögum en þau gátu orðið hæst fyrir 1. maí 1957. Ákvæði þessarar greinar ná þó ekki til vatnsskatts.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1959.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Friðjón Skarphéðinsson.*

## L Ö G

30

9. maí

um breyting á lögum nr. 105 21. desember 1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og lántöku í því skyni.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Til þess að standa strauum af framlögum ríkisins til gjaldeyrissjóðsins og alþjóðabankans heimilast ríkisstjórninni að taka innanríkislán, er jafngildi allt að 3.5 milljónum dollara.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. maí 1959.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gislason.*